



Reykjavík, 23.mars 2020

Hampfélagið skorar á stjórnvöld að leyfa innflutning á hampfræjum án tafar

Hampfélagið skorar á heilbrigðisráðherra að hafa stjórn á Lyfjastofnun sem hefur hreðjatak á leyfisveitingum fyrir innflutning á hampfræjum. Lyfjastofnun er að okkar mati að rangtúlka lög um ávana- og fíkniefni og notar þessi lög til þess að hindra innflutning á hampfræjum, þrátt fyrir að ekki sé hægt að framleiða ávana- og/eða fíkniefni úr iðnaðarhampi.

Matvælastofnun sem heyrir undir landbúnaðarráðherra, er sú stofnun sem hefur og á að hafa eftirlit með innflutningi sáðvöru og krefjast þeirra vottorða sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi hennar.

Hampfélagið skorar jafnframt á landbúnaðarráðherra að berja í borðið og stöðva þá hringavitleysu sem hefur verið í gangi síðan í haust, eftir að Lyfjastofnun ákvað að breyta túlkun sinni á téðum lögum, enda heyri þessi innflutningur undir hann og ráðherra ætti ekki að líða að völdin séu hrifsuð á þennan hátt úr hans höndum.

Iðnaðarhampur er planta sem hefur nánast óteljandi nýtingamöguleika, auk þess sem plantan kolefnisbindur 20x hraðar en tré og gefur Íslendingum færi á að verða sjálfbærari um hráefni í margskonar iðnað.

Það er á tímum sem þessum sem þörfin fyrir sjálfbærni er knýjandi fyrir hvert þjóðríki. Að banna innflutning á hampfræjum sem hafa verið innan styrkjakerfis Evrópusambandsins í tvo áratugi, **er því óverjandi**. Að auki gæti ræktun og framleiðsla á hampi dregist saman á heimsvísu, því erfitt er að starfrækja fyrirtæki á fullum afköstum þegar að Covid 19 vírusinn herjar á heimsbyggðina og innflutningur því orðið erfiðari.

Hampfélagið hvetur því stjórnvöld til að leyfa án tafar innflutning á hampfræjum svo bændur geti farið að undirbúa ræktun fyrir næsta sumar. Það tekur nokkrar vikur að flytja inn fræ sem þurfa að komast ofan í jörð í maí. Ef málið tefst mikið fram í apríl er sumarið í ár farið forgörðum sem annars hefði verið hægt að nýta í tilraunaræktun um land allt.

Virðingafyllt,

Fyrir hönd stjórnar Hampfélagsins,

Sigurður Hólmar Jóhannesson

